



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur 2023 - Grafarholt

- Vallarmörk eru girðingar og hvítar stikur.
 - Þegar **12.** braut er leikin er svæðið vinstra megin við stikurnar utan vallar. Annars eru stikurnar óhreyfanlegar hindranir.
 - Bolti telst utan vallar hafni hann handan innri brúnar á malarstíg sem liggur vinstra megin við **14.** braut.
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðarstikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum og **vatnsbrunnur og vatnskrani á 10. braut** eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður).
- Skúrarnir á **10. braut** eru óhreyfanlegar hindranir og er veitt frí lausn frá þeim skv. **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður), þegar þeir trufla fyrirhugaða stöðu eða fyrirhugað sveiflusvið.
- Vítasvæði:
 - Sé vítasvæði merkt aðeins öðru megin, merkir það að mörk þess framlengjast óendanlega.
 - Sé vítasvæði merkt rautt með hvítum toppi er það bannsvæði og leikmenn verða að taka víti út úr því.
 - Sé vítasvæði merkt með hælum inni í háu grasi, miðast vítasvæðið við slátturöndina, á háa grasinu.
- Grund í aðgerð:
 - Sé grund í aðgerð merkt með bláum hælum með hvítum toppi er það bannsvæði og leikmenn verða að taka fría lausn út úr grundinni.
- Þegar bolti liggur innan *almenna svæðisins* og gras slegið í brautarhæð eða neðar, má taka vítalaus lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:
 - Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).
 - Stærð lausnarsvæðis: ein *kylfulengd* frá viðmiðunarstað.
 - Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
 - Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn
 - Það verður að vera á *almenna svæðinu*.
- Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

Tímabundnar staðarreglur:

- Þangað til annað verður tilkynnt, þegar bolti liggur á flöt, má færa bolta um allt að einn púttershaus einu sinni fyrir hvert högg, en ekki nær holu.

Tímabundin Staðarregla 2023 - Grafarholt:

Staðarregla í gildi á meðan framkvæmdir eru á 17. braut vallarins.

Allt framkvæmdasvæði á 17. brautinni er skilgreint sem grund í aðgerð og **bannsvæði**.

Þegar 17. braut er leikin og ef boltinn endar á framkvæmdasvæði á 17. braut er farið á fallreit hægra megin við framkvæmdasvæðið.

Þegar 18. braut er leikin og ef boltinn endar á framkvæmdasvæði sem er á milli teiga 55 og 47 á þeirri braut, er farið á fallreit hægra megin á 18. braut fyrir framan teig 47.

Öll svæði vinstra megin við stíg er grund í aðgerð. Bolti sem endar þar má færa vítalaust í annan af tveimur fallreitum og fara skal í þann sem er nær boltanum, jafnvel þó að það sé nær holu.

Leyfðar eru færslur meðfram allri 18. brautinni á nýgrónum svæðum, bæði snöggslegnum og öðrum um eina kylfulengd.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9756

Félagsmenn GR geta sent póst á domari@rgolf.is og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik
Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktakeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti.